



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2024.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 154. Löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 93 - 93. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 154. Löggjafarþing 2023- 2024. Þingskjal 93 - 93. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var málið áður lagt fram á 148., 149., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (72) mál en fékk ekki brautargengi. Gagnrýni vegna skerðingar á atvinnutekjum ellilífeyrisþega hefur ítrekað komið fram á undanförunum árum þar sem frítekjumarkið hefur þótt of lágt og skerðingarhlutfall of hátt. Eldra fólk hefur bent á að það leiði til þess að atvinnuþátttaka hefði takmörkuð áhrif á ráðstöfunartekjur sem letur til atvinnuþátttöku sem er andstætt lýðheilsusjónarmiðum um virkni. Félagið skilaði umsögn dags. 14. mars 2023 þar sem fram komu sambærileg sjónarmið og rakin eru hér á eftir.

Eldra fólk er ekki einslitur hópur og ekki öll sem lifa við skort heldur þvert á móti margir sem hafa komið sér vel fyrir á lífsleiðinni. Því er ekki hægt að styðja afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna frekar en annarra tekna, til dæmis frá lífeyrissjóðum sem eru í raun frestun tekna. Afnám skerðinga felur í sér að öll, líka þau sem standa vel fjárhagslega eiga rétt á greiðslum almannatrygginga. Eldra fólk þarf ekki að fá greiðslur frá hinu opinbera eingöngu aldurs síns vegna. Það er hins vegar mikilvægt að tryggja að öll hafi viðunandi framfærslu og ná samstöðu um það hver frítekjumörkin eiga að vera og einnig skerðingarhlutfallið.

Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að áframhaldandi þátttaka á vinnumarkaði eykur möguleika eldra fólks á því að bæta kjör sín. Jafnframt að rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka á vinnumarkaði og almenn virkni á efri árum stuðlar að betri heilsu, dregur úr einangrun og hefur almennt mikið félagslegt gildi. Félagslegur ávinningur atvinnuþátttöku er því ekki síður mikilvægur en fjárhagslegur ávinningur. Það er mikilvægt að stuðla að sveigjanlegum starfslokum og tryggja eldra fólki viðunandi lífeyri. Það sama á við um yngra fólk með skerta starfsgetu og að fólk á vinnumarkaði geti náð endum saman af launum sínum.

Félagið leggur áherslu á mikilvægi þess að draga úr skerðingum lífeyris frá almannatryggingum vegna atvinnutekna og greiðslum lífeyrissjóða til að auðvelda eldra fólki að bæta kjör sín og ýta undir virkni. Félagið er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður